# UMBÓTAÁÆTLUN GERÐASKÓLA

Umbótaáætlun er unnin út frá niðurstöðum sjálfsmatsskýrslu fyrir skólaárið 2020-2021.
Áætlunin er kynnt starfsfólki að hausti og unnið að framkvæmd hennar skólaárið 2021-2022.

Eva Björk Sveinsdóttir, skólastjóri
Guðjón Árni Antoníusson, aðstoðarskólastjóri

# Umbótaáætlun

| Umbótaþættir | Markmið | Leiðir að umbótum | Tímasetning aðgerða | Ábyrgðaraðili | Matsaðferðir | Aðgerðir metnar |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Lestrarstefna** | Aðalmarkmið lestrarstefnunnar er að tryggja að lestrarkennsla og lestrarþjálfun í 1.-10. bekk sé markviss og skýr fyrir alla sem koma að kennslunni og þjálfun þannig að allir nemendur skólans nái góðri lestrarfærni. | Lesfimipróf frá Menntamálastofnun lögð fyrir sem og lesskilningspróf. Nemendur sem ná ekki viðmiðum fá einstaklingsáætlun. Efla lestraráhuga nemenda. | Jafnt og þétt yfir skólaárið. Nánari tímasetningar í Lestrarstefnu skólans. | Deildastjóri ásamt verkefnastjóra læsis og íslenskukennarar skólans. | Unnið út frá niðurstöðum skimunarprófa. | Niðurstöður settar inn í Skólagátt. Viðmið um lesfimi frá Menntamálastofnun sem og viðmið i Lestrarstefnu skólans. |
| **Skimanir í lestri og stærðfræði** | Stöðumat á nemendum í ákveðnum árgöngum í lesfærni og stærðfræði | Unnið eftir skipulagi frá FRÆ: 1. bekkur Lesskimun 2.-5. bekkur stuðningspróf fyrir þá sem ná ekki viðmiði 1. 6. bekkur Logos | 1. bekkur í upphafi skólaárs 2.-5. bekkur og 7.-8. bekkur Stuðningspróf lögð fyrir eftir lesfimipróf sem eru í sept., jan. og maí 6. bekkur | Verkefnastjóri læsis leggur fyrir skimun 1. bekkjar Kennarar leggja fyrir lesfimipróf Kennsluráðgjafi frá FRÆ og verkefnastjóri læsis leggja | Stuðningspróf lögð fyrir þá nemendur sem ná ekki viðmiðum. Endurmat lagt fyrir nemendur sem koma illa út úr Logos lögð fyrir | Í lesfimi er stuðst við viðmið frá Menntamálastofnun fyrir hvern árgang. Í Logos þurfa nemendur að ná yfir 30 á matskvarða prófsins og í |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | skimun á þeim nemendum sem koma undir viðmiði 2 í lok 5. bekkjar 7.-8. bekkur stuðningspróf fyrir þá sem ná ekki viðmiði 1 9. bekkur Logos skimun á þeim nemendum sem koma undir viðmiði 2 í lok 8. bekkjar Hópskimun í Talnalykli í 3. og 6. bekk. | Logos í upphafi skólaárs Talnalykill: -3. bekkur des. 6. bekkur okt. | skimanir fyrir og skila til umsjónarkennara og stjórnenda skóla. Deildastjóri ásamt verkefnastjóri læsis kennsluráðgjafa FRÆ og kennara. | eftir þjálfun heima og í skóla. | Talnalykli yfir 70% atriða. |
| **Kennsluaðferðir og námsmat** | Að hver nemandi fái kennslu og útfærslu námsmats við hæfi. | Unnar eru kennsluáætlanir sem eru birtar á heimasíðu skólans. Kennarar vinna eftir námsmarkmiðum sem skráð eru á Mentor og meta námsframvindu nemenda jafnt og þétt yfir skólaárið. Einstaklingsáætlanir unnar fyrir þá nemendur sem | Unnið í upphafi skólaárs. Námsmat fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Einstaklingsáætlanir endurskoðaðar í janúar. | Skólastjórendur og kennarar skólans. | Allar kennslu- og einstaklingsáætlanir endurskoðaðar í lok skólaárs. | Að kennsluáætlanir séu raunhæfar og í takt við markmið Aðalnámskrá grunnskóla. Matstæki eru Skólapúlsinn, viðhorfskönnun foreldra á samtalsdegi í janúar og starfsmannasamtölum. |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | fylgja ekki árgangi hvað námsmarkmið varðar. | | | | |
| **Líðan nemenda** | Að fylgjast með líðan og heilsu nemenda og vinna að forvörnum gegn einelti. | Unnið eftir JA agastefnunni og samskiptaáætlun skólans, Einstaklingsviðtölvið umsjónakennara og náms- og starfsráðgjafa. Þorgrímur Þráinsson ræðir við nemendur 10. bekkjar.Beggi Ólafs ræðir lífsgildi við nemendur í 8. - 10. bekk. Innleiðing tækni í kennslu. | Jafnt og þétt yfir skólaárið. | Stjórnendur og kennarar. | Unnið út frá niðurstöðum viðhorfskönnunar nemenda úr Bræðingi og Snillitímum. Niðurstöður úr nemendakönnun Skólapúlsins. | Viðmið varðandi líðan eru að vera yfir landsmeðali í þeim þáttur er varða líðan nemenda í Skólapúlsinum og undir landsmeðaltali í tíðni eineltis. |
| **Efla kennara í starfi** | Efla trú kennara á eigin getu. | Innleiðing teymiskennslu. Námskeið í bekkjarstjórnun og innleiðing á tækni. Greiður aðgangur að þroskaþjálfa til að styðja við úrræði fyrir nemendur með sérþarfir | Jafnt og þétt yfir skólaárið. | Skólastjórnendur. | Unnið út frá niðurstöðum Skólapúlsins og niðurstöðum starfsmannasamtala. | Starfsmannasamtölum í mars og Skólapúlsinn í apríl. |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Læsi og drengir** | Markmið er að: - búa til nýstárlega lestrarupplifun í samstarfi við Ævar Þór Benediktsson - læra af drengjum, hlusta á þá og fá innsýn í þeirra hugarheim og hugmyndir varðandi nálgun á lestri og öflun og úrvinnslu upplýsinga - auka áhuga drengja á lestri með fjölbreyttri nálgun og áhugahvetjandi og merkingarbærum verkefnum - vinna með viðhorf kennara til drengja og lesturs - að opna huga kennara gagnvart ólíkum leiðum til | Hlustað og unnið með söguna Skólaslit. Tengt hrekkjavöku. Innleiða tækni í kennslu. Seesaw notað við lestur. | Október. | Kennarar 5. - 10. bekkjar og deildastjóri. | Viðhorfskannanir. | Lesferilspróf ásamt því er viðhorf til lesturs kannað í Skólapúlsinum. Þar viljum við sjá bætingu. |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | öflunar upplýsinga og þekkingarsköpunar - gefa feðrum tækifæri til aukinnar þátttöku í lestrarnámi drengja og kanna viðhorf þeirra til lesturs - breyta orðræðu um drengi og lestur - að tengja saman áhugamál drengja og lestur. | | | | | |
| **Samræmd próf** | Að sjá stöðu nemenda og skóla í samanburði við aðra nemendur og skóla á landinu. | Samræmd könnunarpróf lögð fyrir rafrænt fyrir nemendur í 4., 7. og 9. bekk. | Nemendur í 4. og 7. bekk í september og 9. bekk í mars. | Menntamálastofnun. | Stjórnendur fara yfir niðurstöður með kennurum og skoða sterka og veika þætti auk framfara í 7. og 9. bekk. | Stefna skólans er að vera yfir landsmeðaltali í raðeinkunn og að nemendur sýni framfarir milli prófa. |
| **Lesferill** | Aðstoða skóla við að festa í sessi vinnulag/verkferla við greiningu á niðurstöðum úr matstækjum | Að leggja fyrir lesfimi- og stuðningspróf Lesferils, greina niðurstöður og bregðast við með | September, janúar og maí. | Kennarar og deildastjóri. | Stjórnendur ásamt aðila frá menntamálastofnun fara yfir niðurstöður Lesferils. | |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Lesferils sem leiða til árangursríkari læsiskennslu og aukinnar lestrarfærni grunnskólanema. | markvissum hætti út frá þörfum nemenda. | | | | |